

Framboð til kirkjubings

Hilmar Einarsson

2. kjördæmi

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Ég undirritaður Hilmar Einarsson, hef ákveðið að bjóða mig fram til kirkjubings.

Ég er fæddur 1957 í Reykjavík, og uppalinn þar, nánar tiltekið í Norðurmýrinni í jaðri Klambratúns af systrunum Steinunni og Margréti Valdimarsdætrum sem kenndar voru við Hótel Skjaldbreið sem þær áttu og ráku um skeið. Móðir mín Valdís Hildur Valdimars ólst upp hjá þeim systurum en lést langt fyrir aldur fram, rúmlega þrítug frá okkur fjórum systkinum. Auk norðurmýrarinnar fengum við systkinin öll sumur að teiga í okkur spenvolgt frelsi Kjósarinnar og stórbrotins fjallahrings og náttúru almættisins í sumarhúsi systranna við Meðalfellsvatn.

Fjölskylduhagir mínir eru þeir að ég er kvæntur Moniku Sigurlaugu Baldursdóttur tölvunarfræðingi og framhaldsskólakennara sem fædd er og uppalin á Merkigili í Austurdal, Skagafirði. Börn okkar eru þrjú, fædd '82; '90 og '91.

Ég hef verið fulltrúi í sóknarnefnd Grafarvogskirkju í hartnær þrjá áratugi. Bakgrunnur minn í kirkjulegu starfi á rætur að rekja til ungdóms mín í þátttöku í Kristilegu félagi ungra manna og systurhreyfingum þess t.d. kristilegu skólahreyfingunni. Ég hef einnig verið þátttakandi í starfi Gídeon félagsins (Orðsins) um áratuga skeið.

Að afloknu sveinsprófi í iðngrein minni gull- og silfursmíði dvaldi ég um hríð í Noregi við störf og nám. Ég var m.a. um eins ár skeið við nám í skóla norska kristniboðssambandsins Fjellhaug sem hefur verið ágætlega sóttur af Íslendingum sem hafa þar búið sig undir nám, störf og aðkomu að kristilegum vettvangi.



Ég er lærður gull- og silfursmiður og hef starfað að mestu við þá iðngrein frá árinu 1973 (þar af frá '73 - '77 á námssamningi). Ég hef sinnt ýmsum ábyrgðarstöfum fyrir fagfélag mitt, félag íslenskra gullsmiða. Síðustu tæplega 30 árin hef ég verið skipaður sveinsprófsnefndarmaður í greininni, þar af formaður tæplega helming þess tíma og hef þar öðlast reynslu af ábyrgðarstöfum á sviði stjórnsýsluréttar.

Árið 2013 lauk ég námi í lögfræði sem ég nam samhliða rekstri gullsmíðaverkstæðis míns. Á námstímanum fékk ég tækifæri til að kryfja málefni 62. og 63. greina stjórnarskrárinnar. Hvað fyrri greinina varðar krufði ég hana í grunnnámi mínu, ásamt samnemendum þ.e. tengsl kirkju og ríkis með sérstaka áherslu að það sem Pétur Kr. Hafstein fv. forseti kirkjupings nefndi í ræðu og riti „skilnað þessara lögaðila að borði og sæng“. Þess má geta að Pétur veitti undirrituðum góð ráð við smíði þessa verkefnis. Í framhaldsnámi mínu til ML gráðu var mér úthlutað því spennandi verkefni í námsgreininni stjórnarskráfræði að kryfja 63. greinina sem af sumum er nefnd trúfrelsisákvæði.

Undanfarin misseri hef ég sinnt verkefnum sem lögfræðingur þar sem hagsmunagæsla fyrir flóttamenn sem skipaður talsmaður þeirra hefur verið nokkuð fyrirferðarmikil.

Á núverandi kjörtímabili kirkjupings hef ég verið kjörinn varamaður.

Að framan töldu hef ég skiljanlega þokkalegan grundvöll til að byggja á við það ábyrgðarfulla verkefni sem ég býð mig hér fram til.

Reykjavík 13. mars 2026

Hilmar Einarsson